

# Námsleiðir og örnám – skipulag og samþykkt

## Verklagsregla

### 1. Tilgangur og gildissvið

#### 1.1

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja gæði náms og að lögum og reglum sé fylgt þegar nýjar námsleiðir eða nýtt örnám er skipulagt og samþykkt, sbr. [53 gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) og 8. gr. [laga um háskóla nr. 63/2006](#). Háskólar skulu reglulega gera grein fyrir því opinberlega hvernig tryggt er að það nám, sem þeir bjóða, uppfylli [viðmið um æðri menntun og prófgráður](#), sbr. 5. gr. [laga um háskóla nr. 63/2006](#) og [reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum](#) sem ráðherra gefur út. Jafnframt er tekið mið af staðli 1.2 Mótun og samþykkt námsleiða (e. Design and Approval of Programmes) í Stöðlum og leiðbeiningum fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. [European Standards and Guidelines \(ESG\) 2015](#)).

#### 1.2

Verklagsreglan gildir fyrir allt nám sem stofnað er til innan Háskóla Íslands, þ.m.t. nám sem boðið er fram í samstarfi við aðra háskóla.

### 2. Ábyrgð

Háskólaráð setur verklagsregluna skv. [53 gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) og samþykkti hana upphaflega á fundi sínum þann 5. nóvember 2020. Sviðsstjóri kennslusviðs ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma og sviðsforsetar og deildarforsetar bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni.

### 3. Framkvæmd

#### 3.1

Háskóli Íslands hefur hlotið viðurkenningu fagráðuneytis til að bjóða nám til bakkalár-, meistara- og doktorsprófs á eftirtöldum **fræðasviðum** (e. field of science), en skilgreining fræðasviða og **undirflokka** þeirra (e. sub-categories) tekur mið af endurskoðuðum skilgreiningum í [Frascati Manual OECD frá 2007](#):

- Félagsvísindi (e. Social Sciences)
- Heilbrigðisvísindi (e. Health Sciences)
- Hugvísindi (e. Humanities)
- Verk- og tæknivísindi (e. Engineering and Technology)
- Náttúruvísindi (e. Natural Sciences)

#### 3.2

Hverju fræðasviði er skipað í undirflokka, sem eru þær **kennslugreinar** (e. subjects) sem heyra undir fræðasviðið. Ekki er að öllu leyti bein samsvörun á milli skipulagseininga Háskóla Íslands, þ.e. fræðasviða og deilda annars vegar og flokkunar fræðasviða og undirflokka þeirra skv. Frascati handbókinni hins vegar. Þar eru menntavísindi (e. Education) t.d. felld undir félagsvísindi. Sá munur hefur hins vegar ekki nein áhrif á hvernig námsleiðir eru skilgreindar.

## 4. Hugtök

Á grundvelli framangreindra viðmiða og hugtakanotkunar í [reglum Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) er merking hugtaka sem hér segir:

- **Kennslugrein** (e. subject) er undirflokkur (e. sub-category) fræðasviðs, t.d. stærðfræði, efnafræði, rafmagnsverkfræði, lækisfræði, viðskiptafræði, lögfræði, náms- og kennslufræði, stjórn málafræði, sagnfræði, heimspeki, tungumál og bókmenntafræði.
- **Námsleið** (e. programme) er skilgreint safn námskeiða og verkefna/ritgerða/starfsþjálfunar í kennslugrein sem mynda faglega rökrétta samfellu og lýkur með tiltekinni prófgráðu (e. university degree) eða sjálfstæðu fullnaðarprófi (diplóma).
- **Örnám** (e. micro-credential): Stutt skipulagt nám sem miðar að því að veita nemandanum sértæka þekkingu eða hæfni. ECTS-einingar sem aflað hefur verið með örnámi má meta sem hluta af skilgreindum námslokum á sama háskólaprepi og til þeirra var aflað. Námslok geta þó aldrei verið byggð á örnámi einvörðungu.
- **Kjörsvið** (e. specialisation) er tiltekin sérhæfing innan námsleiðar.
- **Námsbraut** (e. department) er stjórnunareining sem tilheyrir deild á fræðasviði og nær yfir tiltekna kennslugreinar. **Námsbraut er skipuð innan deildar**, sbr. [21. gr. reglna fyrir HI nr. 569/2009](#). Innan námsbrautar skulu að jafnaði vera nokkrar **námsleiðir** sem mynda faglega heild og lýkur með prófgráðu.
- **Prófgráða** (e. degree) er veitt þegar nemandi hefur með viðeigandi árangri lokið öllum tilskildum námskeiðum og verkefnum sem krafist er til prófgráðunnar.
- **Diplóma** (e. Diploma) er sérstakt prófskírteini sem veitt er fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu styttra námi en sem nemur námi til prófgráðu á grunnstigi.
- **Lokapróf á meistarastigi** (e. Master's level certificate) er nám á meistarastigi sem felur í sér 60 – 89 ECTS einingar.
- **Önnur meistarapróf** (e. Other postgraduate qualification) er 90 – 120 ECTS eininga meistaranám sem inniheldur ekki 30 ECTS eininga rannsóknarverkefni/lokaverkefni.
- **Skírteinisviðauki** (e. Diploma Supplement) fylgir með prófskírteini og lýsir á stöðluðu formi eðli, námsstigi, samhengi, innihaldi og stöðu þess náms sem viðkomandi einstaklingur lauk með fullnægjandi hætti.
- [Viðmið um æðri menntun og prófgráður](#) (e. National Qualification Framework for higher education) eru gefin út af viðkomandi fagráðuneyti og lýsa á kerfisbundinn hátt skipulagi náms og prófgráða á háskólastigi, auk þess að mynda ramma fyrir lýsingu einstakra háskóla á hæfniviðmiðum námsleiða.
- **Hæfniviðmið** (e. learning outcomes) eru lýsing á því sem ætlast er til að nemandi viti, skilji og/eða geti að loknu námi.

## 5. Námsleiðir og kjörsvið

### 5.1

Háskóladeildir eru faglegar grunneiningar háskólans og þar er námsframboð í einstökum kennslugreinum skipulagt. **Námsframboð hverju sinni er ákvarðað af deildarfundi hvers deildar, deildarráði, námsbraut eða námsstjórn**, eftir því sem við á og samkvæmt verklagsreglum viðkomandi einingar, og skal falla innan ramma fjárhagsáætlunar, sbr. [12. - 21. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#).

### 5.2

Deildum Háskóla Íslands er heimilt að bjóða upp á sameiginlegt nám til prófgráðu og gefa út eitt sameiginlegt prófskírteini með auðkenni beggja (eða allra) deildanna sem í hlut eiga. Þegar fleiri en ein

deild koma að þverfræðilegri námsleið skal skipa sérstaka námsstjórn um slíkt þverfræðilegt samstarf með aðild þeirra deilda sem að því koma, sbr. [62. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Með öðrum orðum er ekki heimilt að stofna sjálfstæða útgáfu þverfræðilegrar námsleiðar í nafni hvernar deildar fyrir sig sem að henni kemur.

### 5.3

Hverri námsleið lýkur með prófgráðu eða diplómu og eru prófgráður við Háskóla Íslands taldar upp í [55. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Prófgráða er veitt í námsleið deildar eða þverfræðilegri námsleið, sem tvær eða fleiri deildir standa að í sameiningu. Námsleiðir sem lokið er með prófgráðu skulu taldar upp í köflum deilda í sameiginlegum reglum háskólans. Ekki er þörf á að telja upp styttri námsleiðir sem lokið er með sérstöku prófskírteini, diplómu, né örnám í köflum deilda í sameiginlegum reglum háskólans, heldur nægir að þar sé kveðið á um heimild deilda til að bjóða upp á slíkt nám.

### 5.4

Örnámi lýkur hvorki með prófgráðu né diplómu en nemandi sem lýkur slíku námi fær vottorð um námslok.

### 5.5

Uppbyggingu náms, bæði námsleiða og örnáms, er lýst í [Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður](#). Háskóladeild getur skilgreint mismunandi **kjörsvið** innan námsleiðar, sem fela þá í sér sérhæfingu innan hennar. Sérhæfingin getur falist í mismunandi samsetningu námskeiða og/eða áherslum við val á lokaverkefni. Ef um er að ræða fleiri en eitt kjörsvið innan sömu námsleiðar skulu þau eiga sér samnefna í sameiginlegum kjarnanámskeiðum. Þriggja ára námsleiðir í bakkalárnámi geta verið samsettar úr aðalgrein (120 einingar) og aukagrein (60 einingar). Er prófgráða þá veitt í aðalgrein nema um sé að ræða tvær aðalgreinar, en þá er prófgráða veitt í báðum aðalgreinum. Diplómanám getur verið á bilinu 60–90 einingar. Með ákveðnum skilyrðum má meta diplómanám sem hluta af námi til prófgráðu og skal þá kveða á um það í reglum deilda. Örnám getur verið allt að 59 einingum.

## 6. Stofnun nýrrar námsleiðar

### 6.1

**Til að grundvöllur sé til að stofna nýja námsleið skal muna minnst helmingi námskeiða og einingarbærra verkefna í námskeiðshluta á henni og sérhverri námsleið sem fyrir er.** Lokaritgerð eða lokaverkefni telst ekki til námskeiðshluta námsleiðar. Felist sérhæfing námsins í minni mun en sem nemur helmingi eininga í námskeiðshluta skal skipuleggja það sem kjörsvið innan námsleiðar sem fyrir er. Kjörsvið (þar á meðal aðalgrein og aukagrein) skal koma fram á prófskírteini með nánari lýsingu í skírteinisviðauka.

### 6.2

Ný námsleið skal undirbúin á vettvangi deildar eða, eftir atvikum, í stjórn þverfræðilegs náms. Þegar nám er undirbúið á vettvangi deildar skal fulltrúi hennar í stjórn viðkomandi fræðasviðs snemma í undirbúningsferlinu kynna hugmyndir og ástæður að baki nýrri námsleið, fræðilegan bakgrunn, þ.m.t. sérstöðu, og getu deildar til að annast námsleiðina, og ef við á samfélagslegt mikilvægi nýrrar námsleiðar.

### 6.3

Við skilgreiningu á nýrri námsleið skal horfa til eftirfarandi viðmiða eftir því sem við á, sbr. gildandi stefnu háskólans hverju sinni og Staðla og leiðbeiningar fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu (ESG 2015). Rökstyðja skal ef þessi viðmið eru ekki uppfyllt.

#### Námsleiðin

- er ný að því leyti að hún á sér ekki hliðstæðu eða samsvörun í annarri deild
- mætir skýrri þörf fyrir viðkomandi menntun
- er skipulögð með aðkomu nemenda og annarra hagsmunaaðila. Aðkoma þessara aðila skal vera formleg og skjalfest, t.d. í formi viðhorfskönnunar, skipulegra viðtala og/eða rýnihópagreiningar.
- er skipulögð með það að leiðarljósi að auðvelda nemendum skiptinám
- tekur mið af ytri ráðgjöf og samanburði
- stuðlar að nánu samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og deildir
- nýtir mannafla, fjármuni, aðstöðu, tæki og búnað þvert á fræðasvið og deildir
- eykur möguleika háskólans á samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir
- felur í sér skipulagt starfsnám

#### 6.4

Þegar ný námsleið er undirbúin á vettvangi deildar skal deildin senda rökstudda tillögu um námsleiðina eða nýtt kjörsvið til stjórnar viðkomandi fræðasviðs til umfjöllunar og samþykktar. Ef um er að ræða kjörsvið innan þegar samþykktar námsleiðar ákveður stjórn hvort hið nýja kjörsvið verður í boði. Ef tillaga um nýja námsleið er samþykkt í stjórn fræðasviðs, að fengnu álit kennslunefndar sviðsins, skal stjórnin, f.h. viðkomandi deildar, senda rökstudda tillögu til kennslusviðs um námið og viðeigandi breytingar á reglum **fyrir 1. október** ár hvert. Kennslusvið skal leita umsagnar kennslumálanefndar um tillöguna. Einnig skal leita umsagnar fjármálanefndar háskólaráðs um fjárhagslegar forsendur fyrir stofnun námsleiðarinnar. Ef um er að ræða nýja námsleið á meistara- eða doktorsstigi skal kennslusvið einnig afla umsagnar og staðfestingar Miðstöðvar framhaldsnáms, samkvæmt [66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Að öllu jöfnu skal Miðstöð framhaldsnáms fjalla um málið innan fjögurra vikna frá því það barst.

#### 6.5

Þegar ný námsleið er undirbúin í stjórn þverfræðilegs náms skal stjórnin senda rökstudda tillögu um námsleiðina til kennslusviðs, ásamt tillögu um viðeigandi breytingar á reglum, **fyrir 1. október** ár hvert. Kennslusvið skal leita umsagnar kennslumálanefndar um tillöguna. Einnig skal leita umsagnar fjármálanefndar háskólaráðs um fjárhagslegar forsendur fyrir stofnun námsleiðarinnar. Ef um er að ræða nýja námsleið á meistara- eða doktorsstigi skal kennslusvið einnig afla umsagnar og staðfestingar Miðstöðvar framhaldsnáms, samkvæmt 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Að öllu jöfnu skal Miðstöð framhaldsnáms fjalla um málið innan fjögurra vikna frá því það barst.

#### 6.6

Kennslusvið skal senda tillögu um stofnun nýrrar námsleiðar til kennslumálanefndar háskólaráðs sem afgreiðir hana til háskólaráðs til formlegrar samþykktar. Tillögunni skal fylgja (i) rökstuðningur frá stjórn fræðasviðs fyrir stofnun nýrrar námsleiðar, (ii) umsögn fjármálanefndar háskólaráðs, (iii) tillögur að viðeigandi reglubreytingum, (iv) umsögn og samþykkt Miðstöðvar framhaldsnáms ef við á. Að öllu jöfnu skal háskólaráð hafa tekið afstöðu til erindisins fyrir lok desember sama ár. Tilkynna skal breytingar á reglum til Stjórnartíðinda og uppfæra reglur á vef háskólans að því marki sem þörf er á. Að fengnu samþykki háskólaráðs skal stofna námsleiðina í námsleiðakerfi háskólans.

### 7. Upplýsingar um námsleið, forsendur og rökstuðningur

Skilgreina þarf nýja námsleið til hlítar í samræmi við þau skilyrði og kröfur sem fram koma í [viðmiðum um æðri menntun og prófgráður](#). Gera skal grein fyrir faglegum og fjárhagslegum forsendum námsins, sbr. greinar 5 og 6 í þessum reglum.

Í tillögu um nýja námsleið sem send er kennslusviði, sbr. 6.4, skal eftirfarandi koma fram:

- a) Heiti námsleiðar, námsstig og prófgráða, einingafjöldi, skilgreind lengd og tilhögun náms, námsform, tungumál sem kennsla/próf fara fram á.
- b) Meginmarkmið og viðfangsefni náms, aðgangskröfur, námskröfur og hæfniviðmið.
- c) Þörf fyrir námið – rökstuðningur fyrir hinni nýju námsleið.
- d) Markhópur og áætlaður nemendafjöldi.
- e) Samhengi og tengsl námsins við annað nám.
- f) Hliðstæðar námsleiðir við erlenda háskóla ef við á.
- g) Aðgangur að frekara námi, starfsréttindi og atvinnumöguleikar brautskráðra.
- h) Samstarfsaðilar innan og utan háskólans.
- i) Hvernig fyrirhuguð námsleið uppfyllir þau viðmið sem tilgreind eru í grein 6.3:
  - er ný að því leyti að hún á sér ekki hliðstæðu eða samsvörum í annarri deild
  - mætir skýrri þörf fyrir viðkomandi menntun
  - er skipulögð með aðkomu nemenda og annarra hagsmunaaðila. Aðkoma þessara aðila skal vera formleg og skjalfest, t.d. í formi viðhorfskönnunar, skipulegra viðtala og/eða rýnihópagreiningar.
  - er skipulögð með það að leiðarljósi að auðvelda nemendum skiptinám
  - tekur mið af ytri ráðgjöf og samanburði
  - stuðlar að nánu samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og deildir
  - nýtir mannafla, fjármuni, aðstöðu, tæki og búnað þvert á fræðasvið og deildir
  - eykur möguleika háskólans á samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir
  - felur í sér skipulagt starfsnám
- j) Námsleið sem í boði verða, bæði skyldu- og valnámsleið. Drög að námslýsingum (námsleiðslýsingum) skulu fylgja.
- k) Umsjónaraðilar námsins, fyrirhugað kennaralið, aðgengi að aðstöðu, tækjum og búnaði o.þ.h. ef við á.
- l) Tillögur að viðeigandi reglubreytingum sem stofnun námsleiðar kallar á, sbr. grein 6.4.
- m) Áætlaður kostnaður þar sem fram kemur
  - i. kostnaður við ný námsleið, ef um hann er að ræða.
  - ii. kostnaður við kennaralið, aðstöðu, sérstök tæki og búnað, ef um slíkan kostnað er að ræða.
  - iii. kostnaður vegna þjónustu fræðasviðs, ef um hann er að ræða.

## 8. Stofnun nýs örnáms

### 8.1

Nýtt örnám skal undirbúið á vettvangi deildar nema þegar um er að ræða þverfræðilegt nám, þá skal það undirbúið í viðkomandi námsstjórn. Þegar örnám er undirbúið á vettvangi deildar skal fulltrúi hennar í stjórn viðkomandi fræðasviðs snemma í undirbúningsferlinu kynna hugmyndir og ástæður að baki nýju örnámi, þ.m.t. þörf fyrir námið, markmið þess, markhóp og getu deildar til að bjóða námið.

### 8.2

Þegar nýtt örnám er undirbúið á vettvangi deildar skal deildin senda rökstudda tillögu til stjórnar viðkomandi fræðasviðs til umfjöllunar og samþykktar. Ef tillaga um nýtt örnám er samþykkt í stjórn fræðasviðs, að fengnu álit kennslunefndar sviðsins, skal stjórnin senda rökstudda tillögu til kennslusviðs. Ef taka á inn nemendur í námið á haustmisseri skal tillaga hafa borist kennslusviði eigi

síðar en **1. desember** árið á undan. Ef taka á inn nemendur á vormisseri skal tillaga hafa borist eigi síðar en **1. ágúst** árið á undan.

### 8.3

Þegar nýtt örnám er undirbúið í stjórn þverfræðilegs náms skal stjórnin senda rökstudda tillögu til kennslusviðs. Ef taka á inn nemendur í námið á haustmisseri skal tillaga hafa borist kennslusviði eigi síðar en **1. desember** árið á undan. Ef taka á inn nemendur á vormisseri skal tillaga hafa borist eigi síðar en **1. ágúst** árið á undan.

### 8.4

Kennslusvið skal leita umsagnar kennslumálanefndar fyrir stofnun örnáms, einnig skal leita umsagnar fjármálanefndar háskólaráðs um fjárhagslegar forsendur fyrir stofnun örnáms. Ef um er að ræða nýtt örnám á framhaldsstigi skal kennslusvið einnig afla umsagnar og staðfestingar Miðstöðvar framhaldsnáms, samkvæmt [66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Að öllu jöfnu skal Miðstöð framhaldsnáms fjalla um málið innan tveggja vikna frá því það barst.

### 8.5

Kennslusvið skal senda tillögu um stofnun nýs örnáms til kennslumálanefndar háskólaráðs sem afgreiðir hana til háskólaráðs til formlegrar samþykktar. Tillögunni skal fylgja (i) rökstuðningur frá stjórn fræðasviðs fyrir stofnun nýs örnáms, (ii) umsögn fjármálanefndar háskólaráðs, (iii) tillögur að viðeigandi reglubreytingum, (iv) umsögn og samþykkt Miðstöðvar framhaldsnáms, ef við á. Að fengnu samþykki háskólaráðs skal stofna örnámið í námsleiðakerfi HÍ.

Uppfæra þarf reglur á vef háskólans og tilkynna breytingar á reglum til Stjórnartíðinda í þeim tilvikum þar sem ekki er til staðar heimild í sameiginlegum reglum skólans fyrir deild til að bjóða upp á örnám.

### 8.6

Í tillögu um nýtt örnám sem send er kennslusviði skal eftirfarandi koma fram:

- a. Heiti örnáms, námsstig, einingafjöldi, skilgreind lengd og tilhögun náms, námsform, tungumál sem kennsla/próf fara fram á.
- b. Meginmarkmið og viðfangsefni náms, aðgangskröfur, námskröfur og hæfniviðmið.
- c. Framkvæmd og utunumhald náms. Ef örnám er skipulagt í samstarfi deildar og EHÍ skal gerður skriflegur samningur þar um og skal hann fylgja með tillögunni.
- d. Þörf fyrir námið – rökstuðningur fyrir hinu nýja örnámi.
- e. Markhópur og áætlaður nemendafjöldi.
- f. Samhengi og tengsl námsins við annað nám. Gera skal grein fyrir því hvort námið er staffanlegt og, ef svo er, inn í hvaða prófgráðu og/eða diplómapróf er hægt að fá það metið.
- g. Hliðstæðar námsleiðir við erlenda háskóla ef við á.
- h. Aðgangur að frekara námi og atvinnumöguleikar brautskráðra.
- i. Námskeið – námslýsingar.
- j. Umsjónaraðilar námsins, fyrirhugað kennaralið, aðgengi að aðstöðu, tækjum og búnaði o.þ.h. ef við á.
- k. Tillögur að viðeigandi reglubreytingum sem stofnun örnáms kallar á, ef við á.
- l. Áætlaður kostnaður þar sem fram kemur
  - i. kostnaður við ný námskeið, ef um hann er að ræða.

- ii. kostnaður við kennaralið, aðstöðu, sérstök tæki og búnað, ef um slíkan kostnað er að ræða.
- iii. kostnaður vegna þjónustu fræðasviðs, ef um hann er að ræða.

## Tilvísanir

- Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009: [https://www.hi.is/haskolinn/reglur\\_fyrir\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands)
- Lög um háskóla, nr. 63/2006: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006063.html>
- Viðmið um æðri menntun og prófgráður, nr. 1270/2024: [https://adverts.stjornartidindi.is/B\\_nr\\_1270\\_2024.pdf](https://adverts.stjornartidindi.is/B_nr_1270_2024.pdf)
- Reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, nr. 1368/2018: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=5432dd25-f98e-431b-9d92-e01ea5f0d163>
- [Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area \(ESG 2015\)](#).
- Endurskoðuð skilgreining Frascati handbókar á fræðasviðum og kennslugreinum (undirflokkum) (Revised Field of Science and Technology (FOS) Classification): <https://web-archive.oecd.org/2012-06-15/138575-38235147.pdf>